

Fundargerð stjórnar SOS

Stjórnarfundur nr. 268, staður: Ráðhúsið, Hvolsvelli.

Dagsetning og tími: 22. ágúst kl. 17:30.

Mættir voru: Anton Kári Halldórsson (AKH), Eggert Valur Guðmundsson (EVG), Rakel Sveinsdóttir (RS) og Jón G. Valgeirsson (JGV) og Gísli Halldór Halldórsson (GHH). Þá sátu fundinn Bjarni Guðmundsson framkvæmdastjóri SASS og Stefán Gíslason, framkvæmdastjóri Environice.

Formaður opnaði fund og bauð Gísla Halldór Halldórsson, nýráðnum bæjarstjóra Árborgar, sérstaklega velkominn í nýskipaða stjórn SOS.

1. Vinna SASS fyrir SOS

Bjarni Guðmundsson framkvæmdastjóri SASS kynnti fyrir stjórn þá vinnu, umsýslu og umfang sem skrifstofa SASS sér um fyrir SOS, sem segja má að sé ígildi framkvæmdastjórnar- og skrifstofu. Þannig sér skrifstofa SASS um símsvörun og móttöku fyrir SOS, umsjón með vefsíðu, reikningagerð, launahald, bókhald, ársreikning, o.fl. Samstarf SASS og SOS hófst á þessum nótum, þegar stöðugildi framkvæmdastjóra SOS lagðist niður fyrir nokkrum árum síðan. Reynslan af samstarfinu er góð og hefur meðal annars leitt til þess að SOS hefur tengst betur ýmsum verkefnum á Suðurlandi sem ná til stærra svæðis en eingöngu heimasvæðis SOS. Má þar nefna umhverfisverkefni eins og Plastlaust Suðurland.

2. Undirbúningur að aðalfundi SOS

Aðalfundur SOS verður haldinn 18.-19. október nk. Fundurinn er liður í ársþingi SASS og verður haldinn í Hveragerði. Formaður sagði stjórn þurfa að halda a.m.k. tvo stjórnarfundu fyrir þann tíma, vegna undirbúningsvinnu við fjárhagsáætlunargerð og ársskýrslu en SASS aðstoðar við þá vinnu

3. Nessandur – staða á viðræðum við Sveitarfélagið Ölfus

Lögð voru fram þau gögn sem kynnt hafa verið á sérstökum kynningarfundum vegna hugmynda um urðunarstað á Nessandi í Ölfusi, en þeir fundirnir voru haldnir 5. júlí sl., 2. ágúst og 13. ágúst sl. Fundirnir voru haldnir til kynningar á verkefninu fyrir nýkjörna bæjarfulltrúa Ölfuss. Að sögn RS, telst málið á byrjunarstigi fyrir Sveitarfélagið Ölfus og íbúa þess sem fæstir hafa heyrt nokkuð af því. Þá geri aðalskipulag sveitarfélagsins ekki ráð fyrir að þarna sé mikil urðun, sérílagi miðað við það umfang sem hugmyndir eru nú uppi um. Eins þurfi að huga að mörgum málum, s.s. vaxandi matvælaframleiðslu á svæðinu, vatnsvernd og öðru.

Umhverfis- og skipulagsnefnd hafi nýlega fengið kynningu á verkefni og í kjölfarið séu nú uppi hugmyndir um að skoða aðrar staðsetningar sem valkosti. RS tók einnig fram að ávinningur Ölfusar sé enn of óljós, annar en samfélagsleg ábyrgð og íbúum sé einnig enn í fersku minni, hvaða afleiðingar urðun á Kirkjuferjuhjáleigu hafði á umhverfið. Eins þurfi að ræða hvernig hægt væri að bjóða fram einhvers konar atvinnuskapandi möguleika eða tekjutækifæri fyrir það sveitarfélag sem tæki að sér urðunina sem verið væri að kalla eftir í samstarfinu með Sorpu, SSH, Kölku og Sorpstöð Vesturlands. Óskaði RS eftir því að stjórn SOS gæfi bæjarstjórn Ölfusar svigrúm til að skoða málið nánar, á sínum forsendum og án þeirrar tímapressu sem verið hefur síðastliðnar sumarvikur. Tillagan var samþykkt, og rætt um möguleika aðildarsveitarfélaga SOS, hvað þau gætu lagt fram til samstarfsins.

Þá óskaði RS eftir því að stjórn fengi upplýsingar um hver staðan væri á kostnaði vegna Nessands, miðað við fyrirliggjandi fjárhagsáætlun ársins fyrir ráðgjafastörf. Upplýsingar um kostnað verða lagaðar fram á næsta fundi stjórnar.

4. Íbúafundur í Þorlákshöfn og samstarf sorpsamlagana á Suðvesturhorninu

Fyrir liggur að íbúafundur verður haldinn í Þorlákshöfn fimmtudagskvöldið 23. ágúst nk á vegum SOS þar sem íbúum gefst kostur á að kynna sér þær upplýsingar sem nú liggja fyrir um mögulegan urðunarstað á Nessandi og samstarf sorpsamlaga á Suðvesturhorninu. Var formanni falið af stjórn, að standa fyrir kynningu á vegum SOS um verkefnið.

5. SSH/Sorpa – staða samnings um móttöku á úrgangi

Formaður sagði að þjónustusamningur við Sorpu rynni út þann 1. september nk, en síðustu misseri hefur SOS þurft að framlengja hann mánuð fyrir mánuð í senn. Stjórn SOS óskar eftir frekari framlengingu á samningi um móttöku á úrgangi hjá SORPU enda almenn samstaða á milli Sorpu, SOS, Kölku og Sorpstöð Vesturlands, að horfa til framtíðarlausna fyrir alla aðila og í meira samstarfi samlagana.

6. Kirkjuferjahjáleiga – staða á lagfæringum

Formaður fór yfir stöðuna á Kirkjuferjarhjáleigu, sem verið hefur í frágangi að undanfögnu. Kostnaður fór umfram áætlanir í þessum, meðal annars umfangsmeiri verklegra framkvæmda og til að bregðast við athugasemdum Umhverfisstofnunar. Megináhersla SOS er að vel verði gengið frá málum á svæðinu þannig að sómi sé að.

7. Tillögur stjórnar SOS um úrgangsmál á Suðurlandi

Stefán Gíslason kynnti stöðu verkefna sem hann er að vinna að, s.s. magntölur fyrir árið 2017 og niðurstöður spurningakönnunar hjá fyrirtækjum á Suðurlandi um úrgangsmál. Fram kom að magn úrgangs hefur aukist um 20% á milli áranna 2016 og 2017 sem er sama magnaukning og var á milli áranna 2015 og 2016. Ákveðið var að kynningargögn Stefáns verði send aðildarsveitarfélögum SOS með fundargerð til upplýsingar.

8. Önnur mál

Rætt var um nánari flokkun fundargagna fyrir stjórnarmeðlimi, s.s. vistun gagna á sameiginlegu skýsvæði. Var formanni falið að útfæra þá leið sem hann teldi æskilegasta fyrir stjórn.

Ákveðið var að halda næsta stjórnarfund á Selfossi fimmtudaginn 13. september kl. 17:30. Fundurinn verður haldinn í húsakynnum SASS á Selfossi.

Önnur mál voru ekki rædd.

9. Skoðunarferð á Strönd

Stjórn fór í skoðunarferð um urðunarstaðinn Strönd þar sem Ómar Sigurðsson, forstöðumaður Sorpstöðvar Rangárvallasýslu, fór yfir starfssemina og þær breytingar sem urðu í kjölfar þess að Sorpstöðin tók yfir sorphirðuna í sveitarfélögunum þremur.